



Stefna félags í málum jafnréttis kynþátta og hvers konar fordóma

Knattspyrnufélag ÍA leggur ríka áherslu á að allir óháð útliti, kynþætti, húðlit, kynferð, kynhegðunar, skoðana, trúar, fötlunar, efnahags eða annara ástæðna, geti stundað og tekið þátt í knattspyrnu undir merkjum félagsins.

Knattspyrnufélag ÍA leggst gegn öllu snýr að einelti hvort sem að það er innan eða utan félagsins. Félagið leggur áherslu á það við sína félagsmenn að sýna hverjum öðru virðing. Einnig hvetur félagið alla þá sem verða vitni að einelti að standa gegn þeim sem hana stunda og alls ekki að taka þátt í henni á neinn hátt.

Knattspyrnufélag ÍA hvetur alla sína félagsmenn og alla aðra sem að feáginu standa að koma fram á heiðarlega fram og sýna öðrum þátttakendum jafnt innan vallar sem utan félagsins virðingu, jafn innan sem og utan vallar.

Knattspyrnufélag ÍA leggur mikla áherslu á að félagsmenn, þjálfarar, leimenn, áhorfendur og aðstandendur að þeir standi vörð um stefnu félagsins í þessum málum og fylgi henni í hvívetna.

Knattspyrnufélag ÍA leggur einnig áherslu á að:

- Leikmenn leiki knattspyrnu án alvarlegra leikbrota og án rifrilda við dómara.
- Þjálfarar hvetji leikmenn sína til að leika heiðarlega og reyni ekki á þolinmæði dómarans. Þjálfarar eru fyrirmyndir leikmanna.
- Áhorfendur njóti leiksins, hvetji leikmenn sína áfram og sameinist um að útiloka öll niðrandi ummæli til leikmanna og dómara inni á vellinum.
- Forráðamenn félagsins sinni starfi sínu af ábyrgð og heiðarleika.
- Foreldrar og forráðamenn barna hvetji þau til að leika heiðarlega, styðji við bakið þeim í knattspyrnunni, mæti á leiki og sýni stuðning við allt liðið og sleppi öllum niðrandi ummælum um leikmenn og dómara.